

Skrifstofa rektors
25.9.20/ÞK

Bókfærð mál.

Fyrir fund háskólaráðs 1.10.2020

Dagskrárliður 9. j.

Frá Heilbrigðisvísindasviði: Fjöldatakmörkun í klíniska lyfjafræði, þrír nemendur teknir inn háskólaárið 2020-2021.

Hinn 23. júní sl. barst erindi til rektors frá Heilbrigðisvísindasviði um að teknir yrðu inn fjórir nemendur í stað tveggja í klíniska lyfjafræði háskólaárið 2020-2021. Fyrirvari var gerður af hálfu Landspítala um mögulegt námspláss og fjármögnun. Erindinu var svarað með því að rektor styddi erindið um fjölgun nemenda, en ekki væri unnt að taka afstöðu til þess fyrr en að fengunum skýringum HVS og niðurstöðu Landspítala um það hvort spítalinn hafi fjármagn og námspláss fyrir fjóra nemendur háskólaárið 2020-2021. Málið var því sett því í bið uns þessar upplýsingar lægju fyrir.

Hinn 14. september sl. barst síðan erindi frá HVS með beiðni um fjölgun nemenda í MS í klínískri lyfjafræði úr tveimur í þrjá núna á skólaárinu 2020-2021. Fram kom að Landspítalinn staðfesti að hann gæti tekið 3 nemendur. Jafnframt lágu fyrir upplýsingar um afkoma námsins m.t.t. mismunandi fjölda nemenda.

Í ljósi skýringa og upplýsinga frá Landspítala, sbr. fyrri samskipti 23. júní sl., og þess að kennsla var hafin, samþykkti rektor fyrir hönd háskólaráðs tillöguna um að teknir verði inn þrír nemendur í klíniska lyfjafræði háskólaárið 2020-2021. Samþykktin yrði bókfærð á fundi háskólaráðs 1. október nk. Breyting á viðeigandi reglum var strax undirbúin til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.